

Útbreiðsla ágengra plöntutegunda í Mosfellsbæ

Tillögur að aðgerðum garðyrkjudeildar

Kortlagning á útbreiðslu ágengra plöntutegunda í Mosfellsbæ

Í landi Mosfellsbæjar má finna töluvert af alaskalúpínu og skógarkerfli og virðist þessar ágengu plöntur hafa náð að sá sér og breiðast út á þó nokkrum stöðum í bæjarfélaginu.

Árið 2015 lét Mosfellsbær vinna skýrslu og kortleggja útbreiðslu ágengra plöntutegunda í Mosfellsbæ. Lúpína virtist vera útbreiddust á vestasta þriðjungi sveitarfélagsins og ná yfir um 1.000 ha svæði, en misjafnlega þétt dreift. Þekja skógarkerfils reyndist vera um 3,5 ha.

Mest ber á útbreiðslu lúpínu á svæðum eins og kringum Hafravatn, Þormóðsdal, í landi Reykja, Sólvalla og í Skammadal, en einnig aðeins á svæðum fyrir ofan Álafoss, meðfram Varmá og í landi Reykjalundar. Mun minna ber á lúpínu á vestur svæða Mosfellsbæjar

Kerfillinn er áberandi meðfram ám og lækjum í byggð, svo sem við Köldukvísl og Varmá, og í skurðbökkum á völdum stöðum í Mosfellsdal, Þormóðsdal og við Hafravatn.

Þótt talsvert sé af ágengum tengundum nálægt þéttbýli og á svæðum í eigu Mosfellsbæjar, þá er mesta útbreiðslan og þéttleikinn á einkalandi sem eru ekki í eigu eða umsjón Mosfellsbæjar.

Ólíkar skoðanir

Ólíkar skoðanir hafa verið uppi meðal almennings jafn sem fagaðila um útbreiðslu á lúpínu og áhrif hennar á það gróðurfar sem til staðar er. Meiri sátt virðist vera um skaðsemi skógarkerfils í íslenskri náttúru.

Ljóst er að þessar tegundir ná að dreifa sér yfir stór svæði og koma í veg fyrir uppvöxt annarra innlendra tegunda sem eru á svæðinu. Lúpínan ber þó mikið af köfnunarefni í rótarkerfi sínu og það er mat margra að með tíð og tíma muni lúpínan hopa og skilja eftir frjósaman jarðveg fyrir innlendar plöntutegundir að þrífast vel í. Þetta hefur þó verið erfitt að sýna fram á með óyggjandi hætti þar sem plantan hefur verið hér á landi í tiltölulega skamman tíma, en þó hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur haldið því fram að vísbendingar um þetta sé þegar að finna í Heiðmörk þar sem lúpína sé farin að víkja og nýr gróður að taka yfir.

Líklegt má telja að nauðsynlegt sé að takmarka útbreiðslu á lúpínu og kerfli eins og kostur er, sérstaklega nálægt þéttbýli, á meðan líklegra sé að lúpínan geti gert gagn á gróðurlausum svæðum með lélegan jarðveg, þar sem hún geti hjálpað við að binda jarðveginn og undirbúa hann fyrir uppgræðslu.

Aðgerðir gegn ágengum tegundum

Alaskalúpína er harðgerð planta með öflugt rótarkerfi. Ýmsar aðgerðir hafa verið reyndar til að eyða lúpínu og hafa þær gefið misgóða raun. Árangurríkast er að slá lúpínuna á láglandi á tímabilinu 20. júní til 15. júlí þegar hún er í háblóma og rötarförðinn sem minnstur, en þá er hún viðkvæmst fyrir slætti. Nauðsynlegt er að endurtaka slátt allavega í 2-3 ár til að ná fullkomnun árangri. Algengast er að lúpínan sé slegin með vélorfum eða dráttarvél á akfæru landi. Þótt þessi leið sé árangursríkust er hún mjög seinleg á ósléttu landi þar sem ekki er hægt að notast við vélum, heldur aðeins handheldum vélorfum. Aðrar aðferðir sem nefndar hafa verið eru notkun á illgresiseitri og sauðfjárbreit, en þær aðferðir henta illa nálægt þéttbýli og við ár og vötn, auk neikvæðra áhrifa frá notkun á eiturefnum.

Skógarkerfill hefur mjög djúpstæða forðarót sem auðvelt á með að fjölga sér, oft með rótarskotum. Mjög erfitt getur verið að uppræta kerfilinn eftir að hann hefur komið sér fyrir og myndað breiður, þar sem fræframleiðsla er miklil og stofnvöxtur ör. Ekki er þekkt dæmi um að skógarkerfillin hörfi hér á landi fyrir öðrum gróðri. Nánast einginn gróður þrífst í sverði þéttar skógarkerfillsbreiðu. Sláttur á kerfli hefur gefið misjafna raun, en ítrekaður sláttur ár eftir ár hefur þó skilað árangri. Beit hefur einnig skilað árangri en hentar illa innan um annan gróður og í þéttbýli. Úðun með eitri hefur gefið allgóða raun og er líklegast hagkvæmasti kosturinn, en hefur veruleg neikvæð áhrif á aðra plöntutegundir og nálægt lífríki.

Bjarnarkló er fjarlægð strax þegar ábendingar berast um hana í landi Mosfellsbæjar.

Aðgerðir garðyrkjudeildar í dag

Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar hefur unnið að eyðingu lúpínu og kerfils á svæðum í þéttbýli Mosfellsbæjar.

Í kringum Urðir í miðbæ Mosfellsbæjar hefur verið unnið að eyðingu á lúpínu á tveimur svæðum, samtals á um 6 þúsund fermetrum. Þetta svæði er slegið a.m.k. einu sinni á ári.

Við Stekkjarflöt hefur kerfli verið eitt á sex svæðum, samtals á um 4 þúsund fermetrum. Þetta svæði er slegið 3-4 sinnum á ári.

Norðan skeiðbrautar hestamannafélagsins, við friðland við Varmárósa, var lúpínu eytt árlega, samtals á um 1.400 fermetrum.

Auk þess hafa lúpína og kerfill verið slegin við leikvelli og útivistarsvæði bæjarins, auk þess sem bjarnarkló er eytt á opnum svæðum þegar ábendingar berast um hana.

Heppilegt væri að ráðast í aðgerðir til eyðingar eða takmörkunar á útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils í Mosfellsbæ eins og kostur er. Hröð útbreiðsla, staðsetning þeirra og hversu harðgerðar plöntunar gera þó eyðingu þeirra erfiða, nema með miklum tilkostnaði og vinnu. Kostnaður við eyðingu ágengra tegunda í bænum myndi líklega fela í sér kostnað uppá nokkrar milljónir árlega í nokkur ár, til að viðunandi árangur myndi nást.

Mesta útbreiðsla og þéttleiki lúpínu og kerfils er á einkalöndum sem ekki eru í eigu eða umsjá Mosfellsbæjar. Mosfellsbær ber ekki ábyrgð á eyðingu ágengra tengunda á einkalöndum, en getur leitað samstarfs við landeigendur um eyðingu.

Raunhæfasta leiðin til eyðingar virðist vera að slá plöntunar á réttum tíma árs þegar þær eru í blóma og rótarforði takmarkaður.

Í fæstum tilfellum er hægt að notast við dráttarvélar við sláttinn, og því þörf á öflugum mannskap með með handslátturorf sem er verkefni sem ekki er hægt að fela krökkum í vinnuskóla Mosfellsbæjar, heldur þyrfti að vera í höndum verktaka.

Kostnaður við hefðbundinn grasslátt er um 12-15 kr. á hvern fermetra skv. upplýsingum frá garðyrkjudeild. Ef gert er ráð fyrir um 15-25 kr. á hvern fermetra í eyðingu ágengra tegunda, sem er varlega áætluð tala, væri kostnaður við slátt á lúpínu og skógarkerfli á öllu svæðinu gríðarlegur, eða um 150-250 milljónir kr. á ári, m.v. 1.000 ha svæði. Ofangreindar upphæðir eru áætlanir og háðar ýmsum áhrifaþáttum, svo sem framboði verktaka.

Tillögur að aðgerðum

Lagt er til að haldið verði áfram eyðingu á lúpínu og kerfli við eftirfarandi svæði, eins og verið hefur og fallið hefur innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun:

- opin útivistarsvæði nálægt þéttbýli í Mosfellsbæ
- ár í þéttbýli
- leiksvæði
- miðbæjarsvæði

Til viðbótar er lagt til að farið verði í að verja viðkvæm svæði í bænum þar sem þessar ágengu plöntur hafa ekki enn náð að dreifa sér að ráði eða hætta er á að útbreiðsla þeirra muni ógna líffræðilegri fjölbreytni eða öðrum verðmætum. Þessi svæði væru t.d.:

- friðlýst svæði
- náttúruverndasvæði
- jaðarsvæði þar sem útbreiðsla er ekki orðin mikil, t.d. við fell

Þessar aðgerðir myndu fela í sér einhvern kostnaðarauka miðað við það fjármagn sem sett er í opin svæði í dag og er fullnýtt, og því þyrfti að koma til sérstök fjárveiting í verkefnið. Gera má ráð fyrir því að viðbótarkostnaður við þessa eyðingu sé að lágmarki um 2-3 milljón kr. á ári.

Árangur við eyðingu mun alltaf ráðasta af þeim fjármunum sem settir eru í verkefnið.

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri

Bjarni Ásgeirsson, deildarstjóri þjónustudeildar